

R.E. gegn Bretlandi

Dómur frá 27. október 2015

Mál nr. 62497/11

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fölskyldu

Réttur sakbornings. Samskipti við verjanda. Símhlerun. Öryggisreglur.

1. Málsatvik

Kærandi, R.E. er írskur ríkisborgari, sem býr í Newtonabbey í Norður Írlandi. Á tímabilinu 15. mars 2009 til 8. maí 2010 var hann handtekinn þrisvar sinnum í tengslum við rannsókn á morði á lögregluþjóni. Í tveimur fyrstu tilvikunum fullvissaði lögregla verjanda hans um að samtöl hans og kæranda yrðu ekki hljóðrituð, en lögum samkvæmt var heimilt að hlera samtöl sakborninga og verjanda þeirra við sérstakar aðstæður. Þegar kærandi var handtekinn í þriðja sinn neitaði lögreglan að gefa verjanda hans yfirlýsingu um að samtöl þeirra yrðu ekki hljóðrituð. Kærandi kærði ákvörðun lögreglu til dómstóla og bar því við að grundvöllur fyrir ákvörðunum lögreglu samkvæmt lögnum væri ekki nægjanlega skýr og verklagsreglur varðandi beitingu reglunnar og meðhöndlun gagna sem fengjust með þessum hætti væru sömuleiðis ekki skýrar. Honum var veitt heimild til að bera ákvörðunina undir dómstóla og var úrskurðað að lögreglu væri óheimilt að hlera samtöl kæranda og verjanda hans þar til niðurstaða fengist í málið. Kæranda var svo sleppt úr haldi 8. maí 2010. Kæru hans var vísað frá dómi í september 2010 þar sem talið var að umrædd lög teldust nægjanlega skýr og ítarleg.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að lögin sem heimiluðu að samtöl sakborninga og verjanda væru hljóðrituð fælu í sér brot gegn 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til fyrri fordæmis í máli *Kennedy gegn Bretlandi (26839/05)* þar sem fjallað var um hleranir í sakamálum, sem grundvölluðust á sömu lögum og í þessu máli. Í þeim dómi var talið að löggjöfin teldist nægjanlega skýr og afmörkuð hvað varðaði skilyrði fyrir beitingu heimildarinnar. Dómstóllinn tók þó tillit til þess að hljóðritun á samtölum einstaklinga við lögmenn teldist mjög mikið inngríp í rétt einstaklinga til einkalífs, og því þyrfti að tryggja að fyrir hendi væru öryggisreglur sem kæmu í veg fyrir að heimildinni yrði beitt af geðþóttu. Dómstóllinn taldi, líkt og í fyrrgreindum dómi í máli nr. 26839/05 að skýrar leiðbeiningar væru nú fyrir hendi í lögum um hvernig fara ætti með upptökur sem fengjust með þessum hætti og hvenær skylt væri að eyða þeim. Þó hefðu þessar leiðbeiningar ekki verið tilkomnar þegar atvikin í máli kæranda gerðust. Því taldi dómstóllinn að ekki hafi verið nægjanlegar öryggisreglur fyrir hendi þegar heimildinni var beitt í máli kæranda, þar sem ekki hafi verið tryggt hvernig farið yrði með upptökurnar. Því taldi dómstóllinn að brotið hafi verið gegn 8. gr. sáttmálans með upptökunum. Dómstóllinn benti á að það sama ætti ekki við um samtöl kæranda við aðra aðila, sem einnig hefðu verið hleruð. Þar vógu þau rök þyngst að sérstakur trúnaður ætti að ríkja um samtöl lögmanna og sakborninga, sem ætti ekki við þegar sakborningar ráðfærðu sig við aðra einstaklinga.

Dómstóllinn dæmdi breska ríkið til að greiða kæranda 1.500 evrur í miskabætur og 15.000 evrur í málskostnað.